

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. maí 1994

um breytingu á 9. lið 5. gr. tilskipunar ráðsins 92/46/EBE að því er varðar frostmark

(94/330/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/46/EBE frá 16. júní 1992 um heilbrigðisreglur fyrir framleiðslu og markaðssetningu hrámjólkur, hitameðhöndlaðrar mjólkur og mjólkurafurða ⁽¹⁾, einkum annarrí undirgrein 9. liðar 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í krafti annarrar undirgreinar 9. liðar 5. gr. tilskipunar 92/46/EBE hefur aðildarríki farið fram á að kröfurnar sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 9. liðar 5. gr. verði endurskoðaðar, einkum hvað varðar frostmark hitameðhöndlaðrar neyslumjólkur.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tölfræðilegum athugunum getur frostmark kúamjólkur, mælt um leið og búíð er að mjólka, verið breytilegt frá einu aðildarríki til annars, en þeir þættir sem þar spila inn í eru árstíð, fóðrun og ættstofn mjólkurkúrinnar, undaneldis- eða mjólkurtímabil, staðhættir og loftslag.

Heimila ber markaðssetningu hitameðhöndlaðrar kúamjólkur enda þótt frostmark hennar fari undir vissum kringumstæðum upp fyrir gildið sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 9. liðar 5. gr. tilskipunar 92/46/EBE. Þessi heimild ætti að vera takmörkuð, svo að allar nauðsynlegar ábyrgðir séu fyrir hendi, við tilvik þar sem niðurstöður kannana sem kveðið er á um í b-lið 3. liðar í þætti A í I. kafla viðauka C sýna að ekkert framandi vatn er til staðar.

Haldið er áfram að gera vísindalegar og tölfræðilegar rannsóknir er tengjast öðrum kröfum í fyrstu undirgrein 9. liðar 5. gr. tilskipunar 92/46/EBE.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málslíður bætist við fyrstu undirgrein 9. liðar 5. gr. tilskipunar 92/46/EBE:

„Frostmark sem er hærra en $-0,52^{\circ}\text{C}$ er þó viðurkennt, að því tilskildu að kannanir sem kveðið er á um í b-lið 3. liðar í þætti A í I. kafla viðauka C sýni að ekkert framandi vatn sé til staðar.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. maí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 1.